# Tobii Dynavox gluggastjórntæki
## Notandahandbók

**Þ.m.t. Virtual Remote**

tobii dynavox

Notandahandbók Tobii Dynavox gluggastjórntæki

Útgáfa 1.2
06/2018
Allur réttur áskilinn.
Copyright © Tobii AB (publ)

Ekki má afrita nokkurn hluta af þessu skjali, geyma það í endurheimtakerfi, eða senda í nokkru formi, með nokkrum leiðum (rafrænum, ljósritun, upptöku eða á annan hátt) án þess að vera með skriflegt leyfi frá útgefanda.

Höfundarréttarvernd nær yfir öll form og efni höfundarréttarvarinna efna og upplýsinga sem gildandi lög leyfa eða eiga eftir að leyfa, þ.m.t. án takmarka, efni sem kemur frá hugbúnaðinum sem sést á skjánum svo sem skjámyndir, valmyndir o.s.frv.

Upplýsingarnar í þessu skjali eru í eigu Tobii Dynavox. Hverskonar endurgerð að hluta eða í heilu lagi án fyrra skriflegs samþykkis Tobii Dynavox er óleyfileg.

Vörur sem er vísað til í þessu skjali geta verið annað hvort vörumerki og/eða skráð vörumerki viðkomandi eigenda. Útgefandi og höfundur gera ekki tilkall til þessara vörumerkja.

Þó að allrar varfærni hafi verið gætt við undirbúning þessa skjals, taka útgefandi og höfundur enga ábyrgð á villum eða yfirsjónum, eða á tjóni sem verður til af notkun upplýsinga í þessu skjali eða af notkun forrita eða forritunarkóða sem gæti fylgt með því. Útgefandi og höfundur bera enga skaðabótaskyldu vegna tapaðs hagnaðar, eða nokkurs annars viðskiptalegs taps sem orsakast af eða er talið hafa orsakast beint eða óbeint af þessu skjali.

Efni getur breyst án fyrirvara.

Athugaðu vefsíðu Tobii Dynavox
www.TobiiDynavox.com fyrir dagrétta útgáfur af þessu skjali.

**Tengiliðaupplýsingar:**

| | |
|---|---|
| Tobii Dynavox<br>Karlsrovägen 2D<br>182 53 Danderyd<br>Sweden | Tobii Dynavox LLC<br>2100 Wharton Street Suite 400<br>Pittsburgh, PA 15203<br>USA |
| +46 8 663 69 90 | +1-800-344-1778 |

# Efnisyfirlit


1 Um Tobii Dynavox Windows Control ..... 5
1.1 Ætluð notkun ..... 5
1.2 Kerfiskröfur ..... 5
2 Uppsetning, ræsing og meðferð hugbúnaðarleyfis ..... 6
2.1 Uppsetning Tobii Dynavox Windows Control ..... 6
2.2 Meðferð hugbúnaðarleyfis ..... 6
2.2.1 Virkjun leyfis ..... 6
2.2.1.1 Virkjun á netinu ..... 6
2.2.1.2 Ónettengd virkjun ..... 7
2.2.2 Afvirkjun leyfis ..... 8
2.3 Ræstu fyrst ..... 9
3 Notkun Tobii Dynavox Windows Control ..... 10
3.1 Windows Control Stjórntækið ..... 10
3.2 Staða rakningar ..... 11
3.3 Windows Control Verkefnaslá ..... 12
3.3.1 Stillingar fyrir Windows Control verkefnaslá ..... 12
3.4 Venjuleg verkefni ..... 13
3.4.1 Hegðun venjulegra verkefna í mismunandi stillingum ..... 14
3.5 Festiverkefni ..... 15
3.5.1 Hegðun festiverkefna í mismunandi stillingum ..... 15
3.6 Öruggur smellur ..... 16
3.7 Flýtileiðir ..... 17
3.8 Valaðferð - augntillit eða rofi ..... 19
3.8.1 Virkja sjálfvalið með augntilliti og rofa ..... 19
3.8.2 Verkefni virkjað með lyklaborðs hnappi í stað rofa ..... 19
3.9 Augntillits lyklaborð ..... 20
3.9.1 Lyklaborðs verkefnaslá ..... 21
3.9.2 Verkefnahnappar fyrir lyklaborðs verkefnaslá ..... 22
3.9.3 Orðaspá ..... 22
3.10 Windows Control ásamt staðbundnum forritum ..... 22
3.11 Eye Detection Indicator ..... 23
4 Windows Control Stillingar ..... 24
4.1 Augnstýring ..... 25
4.1.1 Fínstillingar flipi ..... 25
4.1.1.1 Skoða notandauppsetningar: ..... 25
4.1.1.2 Búa til nýja notandauppsetningu ..... 26
4.1.1.3 Niðurstöður fínstillingar ..... 26
4.1.1.4 Prófa fínstillingu ..... 27
4.1.1.5 Endurfínstilling ..... 27
4.1.1.6 Gerð fínstillingar ..... 27
4.1.2 Ítarlegt flipinn ..... 29
4.1.2.1 Setja upp skjá ..... 29
4.2 Almennar stillingar ..... 30
4.2.1 Almennur flipi ..... 30
4.2.2 Um flipinn ..... 30
4.2.2.1 Lykill hugbúnaðarleyfis ..... 31

4.3 Hjálp og notkun ....31
4.3.1 Hjálparflipinn ....31
4.3.2 Notkunarflipinn....32
4.4 Virkjun og svörun ....32
4.4.1 Virkjunarflipi....32
4.4.1.1 Augntillits stillingar....32
4.4.1.2 Stillingar augntillits og rofa....33
4.4.2 Svörunarflipinn....34
4.5 verkefnaslánna ....35
4.5.1 Verkefnasláin....35
4.5.1.1 Verkefni....35
4.5.1.2 hámarka vinstri smell....35
4.5.1.3 Stærð verkefnaslár....36
4.5.1.4 Fela sjálfkrafa....36
4.5.2 Valflipinn....36
4.5.2.1 Aðalval....36
4.5.2.2 Annað val ....36
4.5.2.3 Þriðja val ....37
4.5.3 Þysjunar flipinn....37
4.6 Lyklaborð ....37
5 Virtual Remote.... 39
5.1 Virtual Remote Yfirlit ....39
5.1.1 Virtual Remote Valmyndin....39
5.1.2 Virk fjarstýring ....40
5.1.3 Hnapparnir....40
5.2 Notkun Tobii Dynavox Virtual Remote....41
5.2.1 Fyrsta ræsing....42
5.2.2 Breyta virkri fjarstýringu ....42
5.2.3 Hnappar á fjarstýringu notaðir ....42
5.2.4 Bæta við fjarstýringu ....42
5.2.4.1 Bættu við fyrirframforritaðri fjarstýringu ....42
5.2.4.2 Bæta við óforritaðri fjarstýringu....47
5.2.5 Breytingarstilling ....49
5.2.5.1 Breyta nafni fjarstýringar....50
5.2.5.2 Eyða fjarstýringu....51
5.2.5.3 Gera breytingar á fyrirliggjandi virkum hnappi ....52
5.2.5.4 Gera breytingar á fyrirliggjandi óforrituðum hnappi ....55
5.2.5.5 Bæta við nýjum hnappi á tómt svæði ....57
5.2.6 Upplýsingar ....58

# 1 Um Tobii Dynavox Windows Control

## 1.1 Ætluð notkun

Stjórnaðu tölvunni þinni með augunum eða augum og rofa. Þú getur líkt eftir hverskonar músa-aðgerðum, renni-aðgerðum og slegið inn texta með verðlaunahugbúnaðinum okkar. Við höfum einnig bætt við snjall-flýtileiðum til að gera það enn auðveldara að fá aðgang að öllum hlutum Windows!

## 1.2 Kerfiskröfur

| **Hlutar** | **Kröfur** |
|---|---|
| Tölva og örgjörvi | 2.0 gígarið (GHz) eða hraðari, tvíkjarna örgjörvi (að lágmarki). |
| Minni (RAM) | 4 gígabæti (GB) RAM (að lágmarki). |
| Harður diskur | 450 megabæti (MB) tiltæk. |
| USB | USB 2.0 |
| Stjórnkerfi | 64–bita útgáfa af:<br>● Windows 7<br>● Windows 8.1<br>● Windows 10 |
| .NET útgáfa | 4.5 |
| Augnstýring | Hverskonar augnstýringu frá Tobii Dynavox eða Tobii Tech sem styður Tobii augnrakningar kjarna hugbúnað. |
| Frekari kröfur | Nettenging er nauðsynleg til að virkja hugbúnaðarleyfið. |
| Tobii augnrakningar kjarna hugbúnaður. | Útgáfa 2.8 eða nýrri. |
| IR fjarstýring | Hverskonar tæki sem er útbúið HBR IR kubbi eins og: Tobii Dynavox EyeR, Indi, I–Series I-110, eða EyeMobile Plus. |

# 2 Uppsetning, ræsing og meðferð hugbúnaðarleyfis

## 2.1 Uppsetning Tobii Dynavox Windows Control

Ef Tobii Gaze Interaction hugbúnaður er uppsettur, þarf að taka hann út fyrir uppsetningu Windows Control.

Windows Control má ná í frá [www.TobiiDynavox.com](http://www.TobiiDynavox.com).

Uppsetningarleiðbeiningaforritið mun setja upp eftirfarandi forrit:

- Tobii Dynavox Windows Control
- Tobii Dynavox Virtual Remote

Til að setja upp Windows Control, fylgirðu einfaldlega leiðbeiningunum á skjánum.

## 2.2 Meðferð hugbúnaðarleyfis

### 2.2.1 Virkjun leyfis

Windows Control getur keyrt á allt að þremur (3) tölvum/tækjum á sama tíma með sama leyfi. Til að geta notað Windows Control á meira en þremur (3) tölvum/tækjum þarf fyrst að afvirkja Windows Control á einni (1) annarri tölvu/tæki.

Þegar þú kaupir Windows Control færðu Licence Activation Key fyrir hugbúnaðinn í staðfesting á pöntun tölvupóstinum.

Þegar Windows Control er keyrt í fyrsta skipti mun **License Manager** ræsast.




Leyfisgluggi sýnir hugbúnaðartákn fyrir leyfið sem um ræðir.

Þinn **License Activation Key** má finna í staðfesting á pöntun tölvupóstinum.

#### 2.2.1.1 Virkjun á netinu

Fyrir tölvu/tæki sem er nettengt.

1. Passaðu að tölvan/tækið sé nettengt.
2. Settu inn **License activation key**.

3. Veldu **virkja** hnappinn.




Leyfisgluggi sýnir hugbúnaðartákn fyrir leyfið sem um ræðir.

4. Veldu **loka** hnappinn.

### 2.2.1.2 Ónettengd virkjun

Fyrir tölvu/tæki sem er ekki nettengt.

1. Settu inn **License activation key**.
2. Veldu **virkja** hnappinn.




3. Veldu  (upplýsingar) táknið.




4. Veldu 

(virkja ónettengt) hnappinn.




5. Gerðu eitt eftirfarandi:
   - Á nettengdu tæki, ferðu á: [Https://www.tobiidynavox.com/activation-key/](Https://www.tobiidynavox.com/activation-key/) og ferð eftir leiðbeiningunum.

- Hafðu samband við Tobii Dynavoxnotendaþjónustu eða endursöluaðila á staðnum.

Þú þarft nafn tölvunnar sem sést í þessu svari:




6. Settu inn **virkjunarlykilinn** frá einum af möguleikunum hér að ofan.




7. Veldu **virkja** hnappinn.




8. Veldu **loka** hnappinn.

## 2.2.2 Afvirkjun leyfis

Til að afvirkja Windows Control, skaltu fylgja þessum skrefum.

1. Passaðu að tölvan/tækið sé nettengt.
2. Byrja Windows Control.
3. Veldu  (STILLINGAR) hnappinn.
4. Veldu  (Almennar stillingar) hnappinn.
5. Veldu **um** flipann.
6. Veldu **lykil hugbúnaðarleyfis** hnappinn.

7. Veldu **afvirkja** hnappinn.




Leyfisgluggi sýnir hugbúnaðartákn fyrir leyfið sem um ræðir.

8. Veldu:
   - **Já**— til að afvirkja leyfið á þessu tæki.
   - **Nei**— til að hætta við.

## 2.3 Ræstu fyrst

Þegar Windows Control er ræst í fyrsta skipti mun stillingarleiðarvísir leiðbeina notanda í gegnum upphafs stillingar á Windows Control. Skrefin í leiðarvísinum eru:

- Uppsetning skjás. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.2.1 Setja upp skjá, síða 29*.
- Búið til nýja notandauppsetningu. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.2 Búa til nýja notandauppsetningu*.
- Prufustillingar, fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.4 Prófa fínstillingu*

# 3 Notkun Tobii Dynavox Windows Control

Tobii Dynavox Windows Control gerir það mögulegt fyrir notandann að stjórna venjulegu Windows stýrikerfi með tveggja skrefa valaðferð sem dregur úr hættunni á óumbeðnum smellum. Kemur líka í veg fyrir að þú eltir músabendillinn með augunum í stað þess að stjórna honum (það er enginn fljótandi músabendill í Windows Control).

1. Fyrsta skrefið er að velja óskað verkefni úr festri verkefnastiku með því að horfa á það.
2. Annað skrefið er að horfa á óskaðan hluta skjásins (eða á tákn á skjánum) þar sem þú vilt framkvæma verkefnið. Sjálfvirkur þysjunareiginleiki er virkjaður, sem lýkur við val á tákninu eða framkvæmd verkefnisins.

Allir eiginleikar í Windows Control eru snerti- og músar-virkjaðir sem gerir umönnunaraðila eða aðstoðarmanni auðveldara um vik að aðstoða ef þess þarf. Umönnunaraðilinn eða aðstoðarmaðurinn getur valið virkni/verkefni eða breytt stillingum fyrir notanda á auðveldari hátt.

## 3.1 Windows Control Stjórntækið




Skýringarmynd 3.1 Windows Control Stjórntækið

| Hnappur | Aðgerð | Lýsing |
| --- | --- | --- |
| | HLÉ (F4) | Aðgerð sem gerir hlé á Windows Control.<br>Ef hlé aðgerðin er virkjuð breytist hnappurinn í byrja hnappinn í staðinn.<br>Hægt er að nota F4 hnappinn á lyklaborðinu til að virkja aðgerðina. |
| | BYRJA (F4) | Aðgerð sem ræsir Windows Control.<br>Ef byrja aðgerðin er virkjuð breytist hnappurinn í hlé hnappinn í staðinn.<br>Hægt er að nota F4 hnappinn á lyklaborðinu til að virkja aðgerðina. |
| | STAÐA RAKNINGAR | Aðgerð sem sýnir stöðu rakningar gluggann. Notaðu hann til að athuga hvort að notandi sé rétt staðsettur fyrir framan skjáinn.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *3.2 Staða rakningar, síða 11*. |
| | FELA STJÓRNTÆKI | Aðgerð sem felur stjórntækis gluggann. |

| Hnappur | Aðgerð | Lýsing |
|---|---|---|
| | STILLINGAR | Aðgerð sem opnar Windows Control stillingar.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4 Windows Control Stillingar, síða 24*. |
| | loka | Aðgerð sem lýkur Windows Control. |

## 3.2 Staða rakningar




**Staða rakningar** aðgerð er notuð til að athuga hvort að notandi sé rétt staðsettur fyrir framan augnstýringuna.

- Hvítu punktarnir tveir (2) — augu notanda og hvernig þau eru staðsett í átt að skjánum. Fyrir sem ákjósanlega stöðu, ættu hvítu punktarnir að vera í miðju svarta svæðinu.
- Litríka sláin vinstra megin við hvítu örina — hversu langt eða nálægt notandinn er staðsettur frá skjánum.
  - Ef hvíta örin er í miðju græna svæðinu á slánni, er notandinn í kjörfjarlægð frá skjánum.
  - Ef örin er á lægri hluta slárinnar — skaltu færa notandann nær.
  - Ef örin er á hærri hluta slárinnar — skaltu færa notandann fjær.

1. Opnaðu Windows Control stjórntækið.
2. Veldu (staða rakningar) hnappinn.
3. Staðsettu notanda.
4. Veldu **loka** hnappinn þegar það er búið.

Þessi hnappur er í augnhæð þannig að aðeins þarf að horfa á hnappinn til að virkja hann.

## 3.3 Windows Control Verkefnaslá

Efst á Windows Control verkefnaslánni er staða rakningar skoðari Hann leyfir þér að sannreyna að augnstýringin þekki augun í þér og að þú sért vel staðsettur fyrir framan tækið.

Verkefnahnapparnir á Windows Control verkefnaslánni geta verið í þremur mismunandi stillingum eins og sést á *Skýringarmynd 3.2 Stillingar fyrir Windows Control verkefnaslá, síða 13*.

Hægt er að fela/sýna verkefnaslánna með „F2“ lyklinum F2 á venjulegu lyklaborði (ekki með Windows Control lyklaborði).

### 3.3.1 Stillingar fyrir Windows Control verkefnaslá

Stillingarnar þrjár gilda bæði fyrir venjuleg verkefni, sjá *3.4 Venjuleg verkefni*, og fyrir festiverkefni, sjá *3.5 Festiverkefni*.

Örugg smell verkefni eru ekki með neina aukavals stillingu.

- **Venjulegur (óvalinn)** - Enginn verkefni hnappur fyrir Windows Control er valinn.
- **Aðalval (hvítur)** - Merkti verkefnahnappurinn er valinn og verkefnið verður framkvæmt eftir sjálfvirka þysjun þegar notandi horfir á óskaða stöðu á skjánum eða tákn á honum. Ef valaðferð er stillt á rofa í Windows Control stillingasvarinu, verður valinn verkefnahnappur enn virkur eftir að framkvæmd verkefnis líkur.
- **Annað val (blátt/hvítt)** - Sama og **aðalval** en með meiri nákvæmni. **Annað val** þýðir að þysjunin fer lengra áður en lokaframkvæmd verkefnisins fer fram, sem gerir óskaðan hluta af skjánum stærri og auðveldara að velja innan hans. Virkjaðu þessa stillingu með því að hafa augun á verkefnahnappnum þar til liturinn breytist í samræmi við myndina hér að neðan.

  Gildir ekki fyrir flýtileiðir og stillingar verkefni.

- **Þriðja val (uppskots valmynd)** — Fyrir sum verkefni á verkefnaslánni er uppskots valmynd tiltæk með samsvarandi festiverkefnum, sjá *3.6 Öruggur smellur, síða 16* og örugg smell verkefni, sjá *3.5 Festiverkefni, síða 15*. Fáðu aðgang að festi- eða öruggum smell verkefnunum með því að hafa augun á verkefnahnappinum þar til uppskots valmyndin virkjast í samræmi við *Skýringarmynd 3.2 Stillingar fyrir Windows Control verkefnaslá, síða 13* og veldu festi- eða örugg smell verkefnin sem koma í stað venjulegra verkefna á verkefnaslánni. Festi- eða örugg smell verkefnin verða áfram á verkefnaslánni og venjuleg verkefni munu finnast í þriðja vali.
  Endurtaktu ferlið til að skipta festi- eða örugg smell verkefninu út fyrir venjulega verkefnið á verkefnaslánni.

  Gildir ekki fyrir flýtileiðir og stillingar verkefni.

Til að stilla hvaða hami eigi að nota fyrir notanda skaltu fara í: *4.5.2 Valflipinn, síða 36*. Aðeins aðalstilling er virkjuð sjálfvalið.




Skýringarmynd 3.2  Stillingar fyrir Windows Control verkefnaslá

## 3.4 Venjuleg verkefni

| **Tákn** | **Verkefni/aðgerð** | **Lýsing** |
|---|---|---|
| | Færa bendil | Verkefni sem gerir þér kleift að setja bendilinn þar sem þú horfir.<br><br>Framkvæmir þysjun þegar það er framkvæmt. |
| | Augntillit draga og sleppa | Verkefni sem framkvæmir tvo „smelli“, þar sem sá fyrri er upphafsstaða fyrir draga og seinni staða fyrir sleppa (til að færa hluti eða velja svæði).<br><br>● Veldu verkefnið.<br>● Horfðu á hlutinn sem þú vilt færa eða upphafspunktinn fyrir svæðisval.<br>● Framkvæmdu Windows Control (fyrri „smellinn“) með augntilliti eða rofa.<br>● Horfðu strax á sleppa-staðsetninguna fyrir hlutinn eða endapunktinn fyrir svæðisval.<br>● Framkvæmdu seinni „smellinn“ með augntilliti eða rofa.<br><br>Framkvæmir þysjun þegar það er framkvæmt. |
| | Augntillits skruna | Verkefni sem, ef það er framkvæmt á skrunanlegum glugga, virkjar augntillits-stjórnaða leið til að skruna á síðunni.<br><br>● Veldu verkefnið.<br>● Horfðu á skrunanlegt svæði og haltu augunum kyrrum, augntillit skruna táknið birtist þar sem þú horfðir.<br>● Líttu upp fyrir táknið til að skruna upp.<br>● Líttu niður fyrir táknið til að skruna upp.<br>● Líttu til vinstri við táknið til að skruna til vinstri.<br>● Líttu til hægri við táknið til að skruna til hægri.<br>● Á meðan á skruni stendur skaltu líta aftur á táknið (á skjánum, ekki verkefnaslá táknið) til að skipta á milli upp/niður eða hægri/vinstri.<br>● Líttu aftur á Windows Controlverkefnaslánna (eða út fyrir skjáinn) til að hætta að skruna<br><br>Notaðu augntillit skruna verkefnið til að skruna lóðrétt og lárétt í Modern UI öppum og Modern UI upphafsskjá Windows. |

| Tákn | Verkefni/aðgerð | Lýsing |
|---|---|---|
|  | Vinstri smellur / pikka | Verkefni sem framkvæmir einn vinstri smell, eða fyrir snertiskjái, pikkar einu sinni með fingri. Í rofastillingu er vinstri smellur / pikka sjálfvalið á og fest“ (sjá *3.8.1 Virkja sjálfvalið með augntilliti og rofa, síða 19*).<br>Framkvæmir þysjun þegar það er framkvæmt. |
|  | Flýtileiðir | Verkefni sem opnar:<br>● 3 dálka fyrirframskilgreindra flýtileiða.<br>● Örlítið öðruvísi tiltækar fyrir Windows 7, 8.1 og 10.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *3.7 Flýtileiðir, síða 17*. |
|  | Hægri smellur | Verkefni sem framkvæmir einn hægri smell.<br>Framkvæmir þysjun þegar það er framkvæmt. |
|  | Tvísmellur | Verkefni sem framkvæmir tvöfaldan vinstri smell. Þegar virkjunaraðferð er stillt á rofa, er tvísmellur „festiverkefni“ (sjá *3.8.1 Virkja sjálfvalið með augntilliti og rofa, síða 19*).<br>Framkvæmir þysjun þegar það er framkvæmt. |
|  | Augntillits lyklaborð | Verkefni sem opnar augntillits virkjað lyklaborð á skjánum fyrir augntill-its innslátt.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *3.9 Augntillits lyklaborð, síða 20*. |
|  | Stillingar | Verkefni sem opnar Windows Control stillingar.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4 Windows Control Stillingar, síða 24*. |

## 3.4.1 Hegðun venjulegra verkefna í mismunandi stillingum

| Verkefni | aðal | auka | Þriðja |
|---|---|---|---|
| Færa bendil | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í festifæra bendil |
| Draga og sleppa | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í festi draga og sleppa eða örugga draga og sleppa |
| Augntillits skruna | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Á ekki við |
| Vinstri smellur / pikka | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í festi vinstri smellur / pikka eða öruggan vinstri smellur / pikka |
| Flýtileiðir | Engin þysjun | Á ekki við | Á ekki við |
| Hægri smellur | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í festi hægri smellur / pikka eða öruggan hægri smellur / pikka |
| Tvísmellur | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í festi tvísmellur / pikka eða öruggur tvísmellur / pikka |
| Augntillits lyklaborð | Fyrir frekari upplýsingar, sjá *3.9 Augntillits lyklaborð, síða 20*. | | |
| Stillingar | Engin þysjun | Á ekki við | Á ekki við |

a. Fyrir frekari upplýsingar um mismunandi festiverkefni, sjá *3.5 Festiverkefni, síða 15*.

## 3.5 Festiverkefni

| Tákn | Verkefni/aðgerð | Lýsing |
|---|---|---|
|  | Festi vinstri smellur / pikka | Festiverkefni leyfa samfellda virkjun verkefna án þess að þurfa að velja verkefnið aftur og aftur úr verkefnaslánni. Veldu festiverkefni úr verkefnaslánni einu sinni og bendillinn fylgir augntilliti þínu. Ef þú festir augun á skjánum framkvæmdir það viðkomandi aðgerð á þeim stað. Verkefnið verður áfram virkt eftir að aðgerðin er framkvæmd, sem þýðir að ekki þarf að virkja það aftur úr vinnuslánni. Til að stoppa festiverkefnið, líturðu einfaldlega aftur á verkefnið á verkefnaslánni þar til það er ekki lengur uppljómað.  Fyrir festifæra bendil, er annað val ekki tiltækt, þar sem þetta verkefni færir bendilinn bara um skjáinn. |
|  | Festi tvísmellur | |
|  | Festi draga og sleppa | |
|  | Festi færa bendil | |
|  | Festi hægri smellur | |

### 3.5.1 Hegðun festiverkefna í mismunandi stillingum

| Verkefni/aðgerð | aðal | auka | Þriðja |
|---|---|---|---|
| Festi vinstri smellur / pikka | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í vinstri smellur / pikka eða öruggur vinstri smellur / pikka |
| Festi tvísmellur | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í tvísmellur / pikka eða öruggur tvísmellur / pikka |
| Festi draga og sleppa | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í draga og sleppa eða öruggt draga og sleppa |
| Festi færa bendil | Engin þysjun | Á ekki við | Skipta í færa bendil |
| Festi hægri smellur | Venjuleg þysjun | Djúp þysjun | Skipta í hægri smellur / pikka eða öruggur hægri smellur / pikka |

a. Fyrir frekari upplýsingar um mismunandi festiverkefni, sjá *3.4 Venjuleg verkefni, síða 13*.

## 3.6 Öruggur smellur

| Tákn | Verkefni/aðgerð | Lýsing |
|---|---|---|
| | Öruggur vinstri smellur / pikka | Örugg smelli verkefni gera þér kleift að stunda bankaviðskipti o.s.frv. án þess að eiga á hættu að smella vitlaust vegna tveggja skrefa aðgerð. Þysjaðu fyrst og veldu síðan framkvæma. Veldu örugg smelli verkefni frá þriðja vals verkefnaslánni. Ef þú festir augun á skjánum framkvæmdir það viðkomandi aðgerð á þeim stað. Verkefnið mun framkvæma þysjun í nýjum glugga, þar sem festing augntillits verður sýnt með tákni í glugganum, sjá *Skýringarmynd 3.3 Framkvæma öruggan smell, síða 16*. Til að framkvæma öruggan smella á miðju, skaltu velja tákn. Örugg smell verkefni eru tiltæk fyrir vinstri smell, hægri smell, tvísmell og draga og sleppa. |
| | Öruggur tvísmellur | |
| | Öruggur hægri smellur | |
| | Öruggt draga og sleppa | |



Skýringarmynd 3.3 Framkvæma öruggan smell

## 3.7 Flýtileiðir

**Windows 8.1**




**Windows 10**




Ef flýtileiðarvirkni er merkt með  tákni, verður flýtileiðaglugginn áfram opin eftir að virknin er virkjuð, sem leyfir nokkrar virkjanir.

| **Flýtileið** | **Aðgerð** | **Win 8.1** | **Win 10** | **Lýsing** |
|---|---|---|---|---|
|  | Fylla skjá | x | x | Flýtileið sem mun láta virkan glugga/app/hugbúnað fylla skjá. |
|  | Til baka | x | x | Flýtileið sem færir notanda aftur um síðu í vefvafranum eða öðrum hugbúnaði með sama eiginleika innbyggðan. |
|  | Afturkalla | x | x | Flýtileið sem tekur til baka síðustu skipun. |
|  | Afrita | x | x | Flýtileið sem mun afrita virkt val. |
|  | Líma | x | x | Flýtileið sem mun líma valið sem var áður afritað. |
|  | Byrja | x | x | Flýtileið sem opnar upphafsvalmynd Windows. |

| Flýtileið | Aðgerð | Win 8.1 | Win 10 | Lýsing |
|---|---|---|---|---|
| | Fela verkefnaslá | x | x | Flýtileið sem felur verkefnaslá fyrir yfirlit á heilum skjá.<br><br>Til að fá aftur upp verkefnaslánna, skaltu velja eða eftir því hvoru megin verkefnasláin er staðsett. |
| | Fela glugga | x | x | Flýtileið sem felur virkan glugga/app/hugbúnað.. |
| | Vafri | x | x | Flýtileið sem ræsir sjálfvalin vefvafra. |
| | Hækka hljóðstyrk | x | x | Flýtileið sem hækkar hljóðstyrk. |
| | Hljóð af | x | x | Flýtileið sem tekur hljóð af hátölurum. |
| | Lækka hljóðstyrk | x | x | Flýtileið sem lækkar hljóðstyrk. |
| | Leita | x | | Flýtileið sem opnar leitareiginleikann í Windows. |
| | Cortana | | x | Flýtileið sem opnar Cortana. Cortana er snjalli einkaaðstoðarmaðurinn þinn, og Cortana getur leitað á vefnum, fundið hluti á tölvunni þinni, haldið utan um dagatalið þitt o.s.frv. |
| | Skipta um hlið | x | x | Flýtileið sem færir verkefnaslá frá hægri/vinstri. |
| | Loka glugga | x | x | Flýtileið sem lokar virkum glugga/appi/hugbúnaði. |
| | Raddkennsl | x | x | Flýtileið sem ræsir raddkennsl Windows, eða Dragon raddkennsl ef þau eru uppsett. |
| | Virtual Remote | x | x | Flýtileið sem opnar Virtual Remote appið. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *5 Virtual Remote, síða 39*. |
| | Skjáborð | x | x | Flýtileið sem nær í skjáborðið. |
| | Charms | x | | Flýtileið sem opnar Charms valmyndina. |
| | Aðgerðamiðstöð | | x | Flýtileið sem opnar aðgerðamiðstöðina. |
| | Appa-skiptir | x | | Flýtileið sem rennur í gegnum öll Modern UI öpp í keyrslu og skjáborðið.<br><br>Ekki verður allur hugbúnaður sem er í keyrslu á skjáborðinu sýnilegur hérna. Hann er aðeins sýnilegur frá skjáborðinu. |

| Flýtileið | Aðgerð | Win 8.1 | Win 10 | Lýsing |
|---|---|---|---|---|
| | Verkefnaskjár | | x | Flýtileið sem opnar verkefnaskjá þar sem öll Modern User Interface (UI) öpp í keyrslu eru sjáanleg. Verkefnaskjárinn kemur ekki upp ef það er aðeins eitt eða færri öpp opin. |
| | Loka flýtileiðum | x | x | Flýtileið sem lokar flýtileiða valmyndinni. |

## 3.8 Valaðferð - augntillit eða rofi

Það eru tvær aðferðir til að framkvæma valið verkefni.

- Augntillit — augun eru notuð til að bæði stjórna og framkvæma valin verkefni.
- Augntillit og rofi — augun eru notuð til að stjórna og vélrænn hnappur sem tengdur er við tækið er notaður til að framkvæma valið verkefni.

Valaðferð er stillt innan frá Windows Control stillingasvarinu, sjá *4 Windows Control Stillingar, síða 24*.

Áður en þú framkvæmir val, velur þú verkefni úr verkefnaslánni til að framkvæma. Horfðu á valin verkefni þar til það er uppljómað sem „Aðal“, „Annað val“ eða .

- **Augntillit** - Til að framkvæma valið verkefni, skaltu láta augun hvíla á óskuðum hluta skjásins (eða á tákni á skjánum) þar sem þú vilt framkvæma verkefnið. Sjálfvirkur þysjunareiginleiki er virkjaður, sem lýkur við val á tákninu eða framkvæmd verkefnisins.
- **Augntillit og Rofi** - Tvær mismunandi framkvæmdar stillingar.
  - **Ein virkjun rofa** - þysjunareiginleikinn verður framkvæmdur á sama hátt og með augntillits aðferð og í samræmi við stillingar sem gerðar eru í Windows Control stillingasvarinu, sjá *4 Windows Control Stillingar, síða 24*.
  - **Virkja og halda rofa** - þysjunareiginleikinn mun þysja samfellt og ekki hætta þar til rofanum er sleppt eða hann er afvirkjaður.

Þegar augntillits aðferðin er notuð þarftu að líta aftur á verkefnaslánna til að velja nýtt verkefni **fyrir** framkvæmd hvers verkefnis.

Þegar þysjunardýpt er stillt á grunnt í Windows Control stillingum - er engin þysjun framkvæmd. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4 Windows Control Stillingar, síða 24*.

### 3.8.1 Virkja sjálfvalið með augntilliti og rofa

Þegar augntillits og rofa aðferðin er notuð, er notaður eiginleiki sem heitir „virkja sjálfvalið“.

Ef verkefni verður „virkt sjálfvalið“ þýðir það að þú þarft ekki að horfa aftur á verkefnaslánna ef þú vilt endurtaka framkvæmd valins verkefnis, heldur bara ef þú vilt breyta úr einu verkefni í annað.

Þegar augntillits og rofa aðferðin er notuð, er vinstri smellur / pikka verkefnið sjálfvalið alltaf virk. Það þýðir að vinstri smellur / pikka er alltaf á og verður alltaf virkjað af virkjun rofans, ef ekkert annað er valið. Ef annað verkefni er valið verður það aðeins virkt einu sinni (fyrir eitt val) og síðan Windows Control fer það sjálfvirkt aftur til baka í vinstri smellur / pikka fyrir eftirfarandi völ.

Undantekningin frá þessu er tvísmelli verkefnið; þegar það er valið í augntillits og rofa ham verður það líka sjálfvalið virkt.

Það er mjög hagkvæmt í tilfellum eins og hraðri/stöðugri vöfrun á netinu með því að virkja rofa og þannig vinstri smellur / pikka verkefnið einu sinni og velja síðan aftur og aftur hvað sem er óskað, án þess að þurfa að velja vinstri smellur / pikka verkefnið oft.

### 3.8.2 Verkefni virkjað með lyklaborðs hnappi í stað rofa.

Ef „F12“ lyklaborðshnappur F12 á viðfestu lyklaborði er valinn þess í stað virkjar það valið verkefni. Hann má nota á nákvæmlega sama hátt og tengdan rofa. Fyrir frekari upplýsingar um rofa, sjá *3.8 Valaðferð - augntillit eða rofi, síða 19*.

## 3.9 Augntillits lyklaborð

Með því að velja augntillit lyklaborðs hnappinn á verkefnaslánni, ræsist augntillit lyklaborð sem lyklaborð á skjánum. Augntillits lyklaborð verður alltaf staðsett neðst á skjánum þegar það opnast. Það er mögulegt að færa það með ↑↓ (lyklaborð upp/niður) hnappnum á lyklaborðs verkefnaslánni.

Ásamt augntillits lyklaborði verður lyklaborðs verkefnaslá ræst. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *3.9.1 Lyklaborðs verkefnaslá, síða 21*.

Augntillits lyklaborðið samanstendur af fjórum lyklaborðssíðum í hringsnúandi lúppu. Notandi getur auðveldlega skipt á milli mismunandi lyklaborðssíða með því að velja næstu síðu hnappinn sem er staðsettur lengst til vinstri og hægri á öllum síðum augntillits lyklaborðsins.

Lykillinn á lyklaborðinu þar sem notandinn horfir verður gefinn til kynna með ljósum ramma utan um táknið/virknina á lyklinum.

**Lyklaborðssíðurnar fjórar eru:**




Skýringarmynd 3.4 Sjálfvalin upphafssíða




Skýringarmynd 3.5 Fyrsta síða til hægri




Skýringarmynd 3.6 Önnur síða til hægri eða vinstri




Skýringarmynd 3.7 Fyrsta síða til vinstri

Til að breyta tungumáli lyklaborðs og öðrum stillingum fyrir lyklaborðið, sjá *4 Windows Control Stillingar, síða 24*.

Shift, Ctrl, Alt, Win og Alt Gr lyklarnir verða „festir“ þegar búið er að velja þá. Þetta þýðir að þeir verða valdir þar til notandi velur nýjan lykil af lyklaborðinu. Þeir verða fastir ef næsti lykill er annar fastur lykill.

Til að skrifa bréf með áherslumerki:

1. Veldu áherslumerkið
2. Veldu stafinn
3. Stafurinn birtist með völdu áherslumerki.

## 3.9.1 Lyklaborðs verkefnaslá

Efst á lyklaborðs verkefnaslánni er staða rakningar skoðari eins og á Windows Control verkefnaslánni. Hann leyfir þér að sannreyna að augnstýringin þekki augun í þér og að þú sért vel staðsettur fyrir framan tækið.

Verkefnahnapparnir á lyklaborðs verkefnaslánni geta verið í þremur mismunandi stillingum eins og sést á *Skýringarmynd 3.8 Stillingar fyrir lyklaborðs verkefnaslá, síða 21*.

Fyrir frekari upplýsingar um mismunandi stillingar, sjá *3.3.1 Stillingar fyrir Windows Control verkefnaslá, síða 12*




Skýringarmynd 3.8 Stillingar fyrir lyklaborðs verkefnaslá

Þriðja val er aðeins tiltækt fyrir vinstri smellur verkefnið á lyklaborðs verkefnaslánni.

Í Windows 8.1 og Windows 10 aðlaga litirnir á lyklaborðs verkefnaslánni sig að Windows stillingum.

### 3.9.2 Verkefnahnappar fyrir lyklaborðs verkefnaslá

| Tákn | Verkefni/aðgerð | Lýsing |
|---|---|---|
|  | Færa lyklaborð upp/niður | Verkefni sem færir lyklaborðið efst eða neðst á skjáinn. Til að virkja eiginleikann skaltu dvelja á hnappnum. |
|  | Vinstri smellur / pikka | Verkefni sem framkvæmir einn vinstri smell, eða fyrir snertiskjái, pikkar einu sinni með fingri. |
|  | loka | Verkefni sem lokar lyklaborðinu. |

### 3.9.3 Orðaspá

Orðaspárvélin sem er notuð í Windows Control er frá SwiftKey og er oft notuð í spjaldtölvum og snjallsímum. SwiftKey notar blöndu af gervigreindartækni sem gerir henni kleift að spá fyrir um næsta orð sem notandi ætlar að slá inn. SwiftKey lærir frá fyrri texta sem notandi hefur skrifað og úttaksspám sem byggðar eru á núverandi innslegnum texta og því sem hún hefur lært. Orðaspártungumálið mun breytast eftir tungumálalyklaborðs stillingum.




Skýringarmynd 3.9 Lyklaborð með orðaspá virkjaða

Þegar orðaspá er í notkun, sjá *4 Windows Control Stillingar, síða 24* fyrir frekari upplýsingar um virkjun/afvirkjun orðaspár, birtast sex (6) kassar fyrir ofan lyklaborðið. Kassinn lengst til vinstri sýnir líklegasta fyrirspáða orðið og hinir fimm (5) kassarnir innihalda eitt fyrirspáð orð hver. Til að velja fyrirspáð orð, skaltu velja kassann með rétta orðinu í. Ef þú finnur ekki orðið sem þú leitar að, skaltu halda áfram að slá inn og vonandi kemur orðið sem þú leitar að eftir næsta staf.

Ef þú notar orðaspá og vilt slá inn orð sem er með áherslumerki, eins og hús er oft auðveldara að láta orðaspánna sjá um áherslumerkið. Settu einfaldlega inn „hus“ og þú færð uppástungu fyrir „hús“.




Á meðan notandi slær inn, eru síðustu 5-10 stafir sýndir í bláu á gefið til kynna/uppljómað lyklinum. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4 Windows Control Stillingar, síða 24*. Þessi eiginleiki aðstoðar notanda við að sjá stafsetningarvillur og dregur úr þörfinni á að horfa á staðinn þar sem textinn er settur inn sem eykur innsláttarhraða.

## 3.10 Windows Control ásamt staðbundnum forritum

Windows Control má nota ásamt öðrum augnstýrðum forritum. „Augntillits virkjuð“ svæði í öðrum forritum eru virk eins lengi og ekki er virkt verkefni á Windows Control verkefnaslánni. Ef þú notar Windows Control í augntillits og rofa stillingu verður einn verkefnahnappur alltaf „sjálfvalið virkur“, ef þú þarft að afvelja verkefni lítur þú bara aftur á valið verkefni í stutta stund.

## 3.11 Eye Detection Indicator

**Eye Detection Indicator**, , er sérstakur vísir, á aðgerðareitnum í Windows.




, sést ef Windows Control hefur numið augu notanda.

**Augnnemavísirinn** getur haft mismunandi stöður:

- Augu numin ()

  Virkar líka sem staðsetningarnemi fyrir notanda.

- Engin augu numin, ().
- Engin augnstýring tengd eða hún er óvirk, ().

# 4 Windows Control Stillingar




| tákn | Aðgerð | Lýsing |
|---|---|---|
|  | Augnstýring | Opnar **augnstýringar**stillingar.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1 Augnstýring , síða 25*. |
|  | Almennar stillingar | Opnar **almennar** stillingar.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.2 Almennar stillingar , síða 30*. |
|  | Hjálp og notkun | Opnar **Hjálp og notkun** stillingar.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.3 Hjálp og notkun , síða 31*. |
|  | Virkjun og svörun | Opnar **virkjun og svörun** stillingar.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.4 Virkjun og svörun , síða 32*. |
|  | verkefnaslánna | Opnar **verkefnaslár** stillingar.<br>Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.5 verkefnaslánna , síða 35*. |
|  | Lyklaborð | Opnar **lyklaborðs** stillingar.<br>Fyrir frekari upplýsingar sjá*4.6 Lyklaborð , síða 37*. |

# 4.1 Augnstýring

## 4.1.1 Fínstillingar flipi




**Fínstillingar notendauppsetningar**: Sýnir nafn notandauppsetningar sem er virk.

**Skoða notandauppsetningar:** Veldu þennan hnapp fyrir notandauppsetningar sem þegar eru til. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.1 Skoða notandauppsetningar:, síða 25*.

**Búa til nýja notandauppsetningu:** Veldu þennan hnapp til að búa til nýja notandauppsetningu. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.2 Búa til nýja notandauppsetningu, síða 26*.

**Niðurstöður fínstillinga:** Veldu þennan hnapp til að sjá niðurstöður fínstillingar. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.3 Niðurstöður fínstillingar., síða 26*.

**Prófunarfínstillingu:** Veldu þennan hnapp til að opna prófunarfínstillingar síðuna. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.4 Prófa fínstillingu, síða 27*.

**Gerð fínstillingar:** Það eru tvær (2) gerðir fínstillingar: **Nákvæmar** eða **einfaldar**. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.6 Gerð fínstillingar, síða 27*.

**Rekja augu:** Veldu hvernig tækið á að rekja augu notanda á milli: **Bæði**, **vinstra** eða **hægra**.

### 4.1.1.1 Skoða notandauppsetningar:

Á skoða notandauppsetningar síðunni getur þú virkjað eða eytt fyrirliggjandi notandauppsetningu.

Á miðjum skjánum, undir virkri notandauppsetningu, getur þú séð nafn virkrar notandauppsetningar.

Allar tiltækar notandauppsetningar verða listaðar upp sem hnappar á síðunni, notaðu < og > hnappana til að skruna í gegnum tiltækar notandauppsetningar.

#### 4.1.1.1.1 Notandauppsetning virkjuð

1. Veldu hnapp með nafni notandauppsetningar til að virkja.
2. Veldu **virkja** hnappinn sem staðsettur er efst til hægri á skjánum.
3. Veldu **Já** til að virkja valda notandauppsetningu eða **Nei** til að hætta við.
4. Veldu **Loka** til að fara af síðunni.

#### 4.1.1.1.2 Notandauppsetningu eytt

1. Veldu hnappinn með nafni notandauppsetningar til að eyða.
2. Veldu **eyða** hnappinn sem staðsettur er efst til vinstri á skjánum.

3. Veldu **Já** til að eyða valdri notandauppsetningu eða **Nei** til að hætta við.
4. Veldu **Loka** til að fara af síðunni.

#### 4.1.1.2 Búa til nýja notandauppsetningu

1. Veldu **gerð fínstillingar** til að nota.
   Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.6 Gerð fínstillingar, síða 27*.
2. Veldu **búa til nýja notandauppsetningu** hnappinn.
3. Veldu **já** til að halda áfram eða **Nei** til að hætta við.
4. Gefðu nýrri notandauppsetningu nafn.

   Nota verður lyklaborð og mús.

   Aðeins má nota staftölur.

5. Veldu **næst** hnappinn.
6. Staðsettu notanda þannig að punktarnir tveir sem standa fyrir augu notanda séu í miðjum kassanum á skjánum.
   Fínstillingarferlið mun hefjast þegar hægri punkturinn blikkar á notanda.
7. Fylgdu leiðbeiningum á skjánum til að framkvæma fínstillingu.
8. Sjáðu niðurstöður fínstillinga.
   Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.3 Niðurstöður fínstillingar., síða 26*.
9. Veldu **Loka** til að samþykkja fínstillinguna.

#### 4.1.1.3 Niðurstöður fínstillingar.

Þetta virkar bara á IS-4 augnstýringu, en ekki á IS-20 og IS-3 augnstýringar. Fyrir frekari upplýsingar um augnstýringar vettvanginn sem þú notar, sjáðu tæknilýsingar fyrir augnstýringu þína.




Á niðurstöðusíðu fínstillingar, getur þú séð niðurstöður fínstillingar fyrir hvern fínstillingar punkt. Hversu margir fínstillingar punktar eru sýndir á síðunni fer eftir því hvaða gerð fínstillingar þú valdir og hvernig þú hefur sérsniðið fínstillinguna.

Fínstillingar punktur getur haft þrjár (3) mismunandi stöður:

- Frábær (græn)
- Góð (gul)
- Engin gögn (rauð)

Þegar þú notar „nákvæma“ gerð fínstillingar, endurræsist fínstillingin sjálfkrafa ef augnstýringin fær ekki nein gögn frá fínstillingar punkti.

### 4.1.1.4 Prófa fínstillingu




Á prófa fínstillingu síðunni er hægt að prófa fínstillingu, með fyrirframákveðnum mörkum á síðunni, til að sjá hvort notandi þurfi að endurfínstilla augnstýringu.

1. Líttu á hvorn punkt í hvorum hring á skjánum til að sjá hversu nákvæm augnrakning er á því svæði.
2. Veldu **Loka** þegar þetta er búið.

### 4.1.1.5 Endurfínstilling

1. Veldu **gerð fínstillingar** til að nota.
   Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.6 Gerð fínstillingar, síða 27*.
2. Veldu **endurfínstilla** hnappinn til að hefja nýtt fínstillingarferli fyrir virka notandauppsetningu.
3. Fylgdu leiðbeiningum á skjánum til að framkvæma fínstillingu.
4. Sjáðu niðurstöður fínstillinga.
   Fyrir frekari upplýsingar, sjá *4.1.1.3 Niðurstöður fínstillingar., síða 26*.
5. Veldu **Loka** til að samþykkja fínstillinguna.

### 4.1.1.6 Gerð fínstillingar

Það eru tvær (2) gerðir fínstillingar tiltækar: **Nákvæmar** og **einfaldar**.

#### 4.1.1.6.1 nákvæm

Veldu **nákvæm** reitinn til að virkja nákvæmustu fínstillingargerðina.

Með nákvæmu fínstillingargerðinni virkri verður fínstillingarferlið sjö (7) punkta „sprengdu punktana“ fínstilling. Nákvæma fínstillingargerðin er sjálfvalin fínstillingargerð.

#### 4.1.1.6.2 einföld

Veldu **einföld** reitinn ef þú vilt sérsníða fínstillingarferlið.

Veldu **sérsníða** hnappinn við hlið einfalt hnappsins til að sérsníða fínstillingarferlið.




**Fínstillingar punktar:** Veldu hvort nota eigi **1**, **2**, **5**, eða **9** fínstillingar punkta.

1-punkta fínstilling er ekki tiltæk á PCEye Go.

**Skrefa-aðgerðir:** Veldu kveikt í kveikja/slökkva á skrefa-aðgerðir til að virkja eiginleikann þannig að þú notar „S“ lykilinn á lyklaborðinu eða pikkar/smellir á skjáinn til að fara í gegnum fínstillinguna skref fyrir skref.

**Hvati:**

Veldu **vafra** hnappinn til að breyta **hvata** úr sjálfvöldum hvítum punkt í:

- Einn af inniföldum hvötum, mynd eða myndband
- Mynd af uppáhaldsleikfangi notanda
- Uppáhalds myndband
- Eða eitthvað annað.

Veldu **bakgrunn** hnappinn til að breyta lit á bakgrunni fyrir fínstillingarferlið.

**Hraði hvata:** Veldu á milli þriggja hraðastiga fyrir ferð hvatans um skjáinn.

- Hægt
- Meðal
- Hratt

**Stærð hvata:** Veldu á milli þriggja stærða sem hvatinn er sýndur í á skjánum:

- Lítill
- Meðal
- Stór

**Loka:** Veldu **Loka** hnappinn til að fara af síðunni.

## 4.1.2 Ítarlegt flipinn




**Gera hlé hnappinn tiltækan þegar horft er út fyrir skjáinn:** Stilltu kveikt/slökkt gátreitinn á **kveikt** ef hlé hnappurinn á að birtast á skjánum þegar notandi lítur út fyrir skjáinn svo að notandi geti auðveldlega gert hlé á og endurræst augnstýringuna.

**EyeMobile kappi**: Stilltu EyeMobile kveikt/slökkt gátreitinn á **kveikt** ef þú notar EyeMobile eða EyeMobile Mini. EyeMobile kappa stillingin á ekki við um EyeMobile Plus og er því óvirk.

### 4.1.2.1 Setja upp skjá

Ef meira en einn (1) skjár er notaðar þarftu að tiltaka hvaða skjá augnstýringin er fest við. Kerfið þarf líka að vita stærð skjásins sem notaður er.

Virkar aðeins á útvíkkuðu skjáborði en ekki á skjáborði í tvíriti.




1. Notaðu  eða  til að velja hvaða skjá augnstýringin er fest við.
2. Samstilltu vinstri og hægri lóðrétta línu, sem eru undir sjónsköpuninni á augnstýringunni á skjánum, við merkingarnar sem eru ofan á augnstýringunni sem er í notkun.



Þetta stillir inn skjástærðina sem er notuð fyrir Windows Control.

3. Veldu **lokið** til að ljúka.

## 4.2 Almennar stillingar

### 4.2.1 Almennur flipi




**Ræsa Windows stjórntækjum sjálfvirkt með Windows:** Stilltu kveikt/slökkt gátreitinn á **kveikt** ef Windows stjórntæki eiga að ræsast sjálfkrafa þegar Windows ræsist.

**Fela stjórntæki við ræsingu Windows:** Stilltu kveikt/slökkt gátreitinn á **kveikt** ef fela á Windows Control stjórntæki þegar Windows ræsist.

### 4.2.2 Um flipinn



Á um síðunni, er að finna allar upplýsingar um útgáfu hugbúnaðar og vélbúnaðar augnstýringar. Þessar upplýsingar má afrita auðveldlega með því að velja **afrita upplýsingar** hnappinn og síðan má líma þær inn í tölvupóst eða hvers konar annan hugbúnað ef þess þarf.

#### 4.2.2.1 Lykill hugbúnaðarleyfis

Lykilhnappurinn er ekki augntillits virkjaður þannig að þú þarft að fá einhvern til að aðstoða þig ef þú þarft að skipta um leyfi.

Til að virkja leyfi, sjá *2.2.1 Virkjun leyfis, síða 6*.

Til að afvirkja leyfi, sjá *2.2.2 Afvirkjun leyfis, síða 8*.

## 4.3 Hjálp og notkun

### 4.3.1 Hjálparflipinn




Veldu fara í **hjálp á netinu** hnappinn til að opna Tobii Dynavox stuðningssíður fyrir vöruna á netinu í sjálfvöldum netvafra, á stuðningsvefsíðunum getur notandi fundið algengar spurningar og svör, stuðning, þjálfun, myndbönd og skjöl um Windows Control og allar aðrar vörur frá Tobii Dynavox.

Passaðu að tölvan/tækið sé nettengt.

Veldu **ræsa kennsluefni** hnappinn til að keyra innifalið kennsluefni ef notandinn þarf að æfa sig meira. Kennsluefnið má ræsa jafn oft og notandi vill.

Veldu **vista upplýsingar** í skrá hnappinn til að afrita alla annála sem eru mikilvægir ef þú þarft aðstoð. Þessa skrá má auðveldlega festa við tölvupóst og senda til stuðningsliðsins.

## 4.3.2 Notkunarflipinn




**Hjálpaðu okkur að bæta**: Til að hjálpa Tobii Dynavox að bæta hugbúnaðinn stillirðu á **kveikt**.

# 4.4 Virkjun og svörun

## 4.4.1 Virkjunarflipi

### 4.4.1.1 Augntillits stillingar




Í virkjunarflipa, eru allar stillingar fyrir hvernig notandi hefur samskipti við Windows Control. Hvort notandi muni nota augntillit og rofa til að framkvæma skipanirnar og hvernig samskiptin eiga að fara fram.

**Virkjunaraðferð:**

- **Augntillit** - veldu augntillit til að nota augntillits stöðu til að virkja þysjunaraðgerðina sem endar með framkvæmd óskaðs verkefnis.
- **Augntillit og rofi** - veldu rofa til að nota augntillits stöðu til að virkja þysjunaraðgerðina sem endar með framkvæmd óskaðs verkefnis.

**Hnappadvaltími (millisekúndur)**

Hnappadvaltíma má stilla á 8 mismunandi stig, horfðu bara á óskaða stöðu til að breyta stillingunni. Ef hnappadvaltíma er breytt, breytir það hversu lengi notandi þarf að hafa augun á hnappnum áður en verkefni er framkvæmt. Skalinn sýnir lægri hnappadval-tíma til vinstri og hærri til hægri.

**Lyklaborðsdvaltími (millisekúndur)**

Lyklaborðsdvaltíma má stilla á 8 mismunandi stig, horfðu bara á óskaða stöðu til að breyta stillingunni. Ef lyklaborðsdvaltíma er breytt, breytir það hversu lengi notandi þarf að hafa augun á lykli á lyklaborði áður en hann er framkvæmdur. Skalinn sýnir lægri lyklaborðsdvaltíma til vinstri og hærri til hægri.

**líttu af áður en þú velur aftur**

- **Kveikja** - Veldu **kveikja** til að virkja **Líttu af áður en þú velur aftur**. Þegar **kveikt** er á þessu þarf notandi að líta frá virku augntillitssvæði til að geta virkjað sama augntillitssvæði aftur.
- **Slökkva** - Veldu **slökkva** til að afvirkja **Líttu af áður en þú velur aftur**. Þegar **slökkt** er á þessu, verður virkt augntillitssvæði virkjað aftur og aftur eins lengi og notandi heldur áfram að horfa á augntillitssvæðið. (Sjálfvalið)

**takmarka augntillits hnappa við Tobii Dynavox öpp**

- **Kveikja** - Veldu **kveikja** til að virkja **takmarka augntillits hnappa við Tobii Dynavox öpp** Þegar **kveikt** er á þessu, verður virkt augntillits svæði virkjað, skipunin sem tengist svæðinu framkvæmd, og Tobii Dynavox svörunarvíxlverkunin verður **aðeins** sýnd í Tobii Dynavox hugbúnaði og öppum.
- **Slökkva** - Veldu **slökkva** til að afvirkja **takmarka augntillits hnappa við Tobii Dynavox öpp** . Þegar **slökkt** er á þessu, verður virkt augntillits svæði virkjað, skipunin sem tengist svæðinu framkvæmd, og Tobii Dynavox svörunarvíxlverkunin verður aðeins sýnd í Tobii Dynavox og öllum hugbúnaði og öppum þriðja aðila. (Sjálfvalið)

### 4.4.1.2 Stillingar augntillits og rofa




Lágmarks smellitími: Lengd tíma sem notandi þarf að ýta á rofann í áður en valið er.

Tímalengd á milli smella: Lengd „dauðs tíma“ sem Windows Control bíður áður en frekari inntak frá rofa er leyft.

**líttu af áður en þú velur aftur**

- **Kveikja** - Veldu **kveikja** til að virkja **Líttu af áður en þú velur aftur**. Þegar **kveikt** er á þessu þarf notandi að líta frá virku augntillitssvæði til að geta virkjað sama augntillitssvæði aftur.
- **Slökkva** - Veldu **slökkva** til að afvirkja **Líttu af áður en þú velur aftur**. Þegar **slökkt** er á þessu, verður virkt augntillitssvæði virkjað aftur og aftur eins lengi og notandi heldur áfram að horfa á augntillitssvæðið. (Sjálfvalið)

**takmarka augntillits hnappa við Tobii Dynavox öpp**

- **Kveikja** - Veldu **kveikja** til að virkja **takmarka augntillits hnappa við Tobii Dynavox öpp** Þegar **kveikt** er á þessu, verður virkt augntillits svæði virkjað, skipunin sem tengist svæðinu framkvæmd, og Tobii Dynavox svörunarvíxlverkunin verður **aðeins** sýnd í Tobii Dynavox hugbúnaði og öppum.
- **Slökkva** - Veldu **slökkva** til að afvirkja **takmarka augntillits hnappa við Tobii Dynavox öpp** . Þegar **slökkt** er á þessu, verður virkt augntillits svæði virkjað, skipunin sem tengist svæðinu framkvæmd, og Tobii Dynavox svörunarvíxlverkunin verður aðeins sýnd í Tobii Dynavox og öllum hugbúnaði og öppum þriðja aðila. (Sjálfvalið)

## 4.4.2 Svörunarflipinn




**Gerð svörunar:**

- **Klukka** - sjónræn svörun er klukka sem fyllist á meðan á tilteknum hnappadvaltíma stendur. Þegar klukkan hefur fyllst, er verkefnið framkvæmt.
- **Punktur** - sjónræn svörun er punktur sem dregst saman fyrir augntillits notendur eða stöðugur punktur fyrir rofa notendur þegar verkefni er framkvæmt.
- **Ósýnilegur** - engin sjónræn svörun verður sýnd á skjánum þegar verkefni er framkvæmt.

**Litur svörunar:** Veldu **breyta** hnappinn til að velja lit svörunar. Fyrir tiltæka liti, sjá *Skýringarmynd 4.1 Tiltækir litir, síða 34*.




Skýringarmynd 4.1 Tiltækir litir

**Stærð svörunar:** Hægt er að stilla inn þrjú (3) mismunandi gildi fyrir stærð svörunar valinnar gerðar svörunar.

- **lítið**
- **Meðal**
- **Stór**

# 4.5 verkefnaslánna 

## 4.5.1 Verkefnasláin




### 4.5.1.1 Verkefni

Veldu **breyta** hnappinn til að fá aðgang að sprettiglugga þar sem hægt er að bæta við eða fjarlægja verkefni úr verkefnaslá.




Veldu hvaða verkefni eiga að vera á verkefnaslánni. Fyrir frekari upplýsingar um verkefnin, sjá *3.4 Venjuleg verkefni, síða 13*.

Athugaðu að því fleiri verkefni sem eru á verkefnaslánni því erfiðara getur verið að velja þau á minni skjáum.

Veldu **kveikt** í gátreitum við hlið hvers verkefnis til að virkja notkun þess á verkefnaslánni.

Veldu **slökkt** í gátreitum við hlið hvers verkefnis til að afvirkja notkun þess og sýnileika á verkefnaslánni.

### 4.5.1.2 hámarka vinstri smell

Ef hámarka vinstri smell er valið getur það víkkað virkt svæði vinstri smells verkefnisins á verkefnaslánni mikið, sem gerir mun auðveldara að velja vinstri smell verkefnið.

Notaðu **Hámarka vinstri smell** eiginleikann til að víkka og leggja áherslu á vinstri smell verkefnið á verkefnaslánni. Ef **slökkt** er valið, verða öll valin verkefni með jafnmikið pláss á verkefnaslánni. Ef **kveikt** er valið, verða öll verkefni önnur en vinstri smellur áfram með upphaflega/minni stærð og vinstri smellur verkefni fyllir upp í svæðið sem eftir er á verkefnaslánni.

### 4.5.1.3 Stærð verkefnaslár

Með stærð verkefnaslár er hægt að breyta stærð verkefnaslárinnar á milli þriggja (3) stærða:

| lítið | Meðal | Stór |
| --- | --- | --- |
|  |  |  |

Ef valin er stærri stærð fyrir verkefnaslánna mun það stækka virkt svæði umhverfis slánna svo auðveldara verður fyrir notanda að velja verkefni. Raunverulegt virkt svæði fer út fyrir skjáinn og táknin fyrir verkefnin eru alltaf í miðju virks svæðis.

### 4.5.1.4 Fela sjálfkrafa

Felur verkefnaslánna sjálfkrafa Tiltækt fyrir öll festiverkefni og fyrir öll verkefni í rofavirkjunarstillingu.

Veldu **kveikt** til að fela sjálfkrafa.

Veldu **slökkt** til að hætta að fela sjálfkrafa.

## 4.5.2 Valflipinn




### 4.5.2.1 Aðalval

Aðalval er alltaf virkt og ekki er hægt að afvirkja það.

### 4.5.2.2 Annað val

Sjálfvalið er að alltaf er **slökkt** á öðru vali. Ef **kveikt** er valið verður annað val tiltækt.

#### 4.5.2.3 Þriðja val

Sjálfvalið er að alltaf er **slökkt** á þriðja vali. Ef **kveikt** er valið verður þriðja val tiltækt. Með þriðja vali verða festi- og örugg smell verkefni tiltæk. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *3.5 Festiverkefni, síða 15* og *3.6 Öruggur smellur, síða 16*.

### 4.5.3 Þysjunar flipinn




**Þysjunardýpt**

Þysjunardýpt má stilla á 8 mismunandi stig, horfðu bara á óskaða stöðu til að breyta stillingunni. Ef dýptinni er breytt, breytir það hversu djúpt þysjunin fer áður en verkefnið er framkvæmt. Því lengra til hægri á skalanum því dýpri verður þysjunin.

Ef dýptin er stillt á núll verður ekkert þysjað. Það verður samstundis smellur með aðalvali. Með aukavali verður enn þysjað.

**Hraði þysjunar**

Þysjunarhraða má stilla á 8 mismunandi stig, horfðu bara á óskaða stöðu til að breyta stillingunni. Ef hraðanum er breytt, hefur það áhrif á hversu hröð þysjunin er áður en verkefnið er framkvæmt. Því lengra til hægri á skalanum því hraðari verður þysjunin.

## 4.6 Lyklaborð 




**Orðaspá**

- **Kveikja** - veldu **kveikja** til að virkja orðaspá þegar þú notar augntillits lyklaborð. (Sjálfvalið)

- **Slökkva** - veldu **slökkva** til að afvirkja orðaspá þegar þú notar augntillits lyklaborð.

**Hljóðsvörun**

- **Kveikja** - veldu **kveikja** til að virkja hljóðsvörun þegar þú velur hnapp á augntillits lyklaborðinu.
- **Slökkva** - veldu **slökkva** til að afvirkja hljóðsvörun þegar þú velur hnapp á augntillits lyklaborðinu.

**Stærð**

- **Lítið** - veldu lítið til að nota minna augntillits lyklaborð, sem nær yfir minna en hálfan skjáinn, sjá *Skýringarmynd 4.2 Lítil uppsetning lyklaborðs (sjálfvalið), síða 38*.
- **Stórt** - veldu stórt til að nota stærra augntillits lyklaborð, sem nær yfir hálfan skjáinn, sjá *Skýringarmynd 4.3 Stór uppsetning lyklaborðs, síða 38*.




Skýringarmynd 4.2 Lítil uppsetning lyklaborðs (sjálfvalið)




Skýringarmynd 4.3 Stór uppsetning lyklaborðs

**Tungumál**

Valin tungumálauppsetning lyklaborðs er sýnt. Veldu **breyta** hnappinn til að breyta uppsetningu lyklaborðs í annað tungumál. Það eru þó nokkrar mismunandi tungumálauppsetningar lyklaborðs tiltækar.

# 5 Virtual Remote

## 5.1 Virtual Remote Yfirlit




Skýringarmynd 5.1 Yfirlit yfir Virtual Remote

Virtual Remote er skipt í tvö svæði:

- Virtual Remote Valmynd, fyrir frekari upplýsingar sjá *5.1.1 Virtual Remote Valmyndin, síða 39*.
- Virk fjarstýring, fyrir frekari upplýsingar sjá *5.1.2 Virk fjarstýring, síða 40*.

### 5.1.1 Virtual Remote Valmyndin




Skýringarmynd 5.2 Virtual Remote valmyndin

Táknin í Virtual Remote leiðarvísinum eru:

| **Verkefnahnapp-ur** | **Aðgerð** | **Lýsing** |
|---|---|---|
|  | Bæta við fjarstýringu | Veldu þessa aðgerð til að bæta við nýrri fjarstýringu, sjá *5.2.4 Bæta við fjarstýringu , síða 42*. |
|  | Upplýsingar | Veldu þessa aðgerð til að opna upplýsingasíðu, sjá *5.2.6 Upplýsingar , síða 58*. |
|  | Vinstri | Veldu þessa aðgerð til að virkja fjarstýringuna sem er til vinstri við virka fjarstýringu. |
|  | Hægri | Veldu þessa aðgerð til að virkja fjarstýringuna sem er til hægri við virka fjarstýringu. |
|  | Breytingarstilling | Veldu þessa aðgerð til að fara í breytingarstillingu á virkri fjarstýringu, sjá *5.2.5 Breytingarstilling , síða 49*. |
|  | Loka/fela | Veldu þess aðgerð til að fela Virtual Remote appið. |

## 5.1.2 Virk fjarstýring

Virk fjarstýring er alltaf fjarstýringin sem er í miðjunni á Virtual Remote valmyndinni, sjá *Skýringarmynd 5.3 Virk fjarstýring*.




Skýringarmynd 5.3 Virk fjarstýring

Allir hnappar sem eru sýnilegir á skjánum tilheyra virkri fjarstýringu.

Þú getur líka séð nöfnin á allt að tveimur (2) tiltækum fjarstýringum, ein hvoru megin við virku fjarstýringuna. Þú sérð aðeins nafn en ekki hnappa fyrir tiltækar fjarstýringar þar til þú virkjar þær.

## 5.1.3 Hnapparnir




Skýringarmynd 5.4 Hnapparnir

Allir hnappar sem eru sýnilegir á skjánum tilheyra virkri fjarstýringu. Það eru tvær (2) gerðir hnappa á fjarstýringunni.

- Virkir hnappar , sjá *Skýringarmynd 5.5 Virkir hnappar, síða 41*
- Óvirkir hnappar , sjá *Skýringarmynd 5.6 Óvirkir hnappar, síða 41*

Magn hnappa og eiginleika hnappanna er mismunandi eftir því hverskonar kerfi notandi vill stjórna.




Skýringarmynd 5.5 Virkir hnappar




Skýringarmynd 5.6 Óvirkir hnappar

## 5.2 Notkun Tobii Dynavox Virtual Remote

Tobii Dynavox Virtual Remote gerir það mögulegt fyrir notanda að stjórna sjónvarpi, DVD-spilara, hljómflutningstæki o.s.frv. frá tækinu.

Allli eiginleikar í Virtual Remote eru snerti- og músar-virkjaðir sem gerir umönnunaraðila eða aðstoðarmanni auðveldara um vik að aðstoða ef þess þarf.

## 5.2.1 Fyrsta ræsing

Stuttur leiðarvísir kynnir notandann fyrir uppsetningu á Virtual Remote hugbúnaðinum. Fylgdu bara leiðbeiningunum á skjánum.




Skýringarmynd 5.7 Virtual Remote kynningarskjárinn.

## 5.2.2 Breyta virkri fjarstýringu

Til að breyta virkri fjarstýringu:

- Veldu annað nafnið hægra eða vinstra megin við virka fjarstýringu.
- Eða notaðu < og > hnappinn til að skruna í gegnum tiltækar fjarstýringar.

Virk fjarstýring er alltaf fjarstýringin sem er í miðjunni á Virtual Remote valmyndinni.

## 5.2.3 Hnappar á fjarstýringu notaðir

Veldu bara hnappinn sem þú vilt nota til að senda merki til tækisins. Hljóðstyrkshnappar eru venjulega stilltir þannig að þeir sendi út samfellt merki eins lengi og hnappurinn er valinn. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *5.2.5.3.1 Lengd merkis, síða 53*.

Til að setja inn númer sem er stærra en 9 (þ.e. margir stafir), fylgdu þessu ferli.

**Númer stærri en 9 skrefalisti**

1. Veldu öll númer til að senda inn röðina sem á að senda.
   Öll valin númer verða sýnileg í hvítum kassa undir númerahluta fjarstýringarinnar.




2. Veldu **senda** hnappinn til að senda merkið til tækisins eða **hreinsa** til að eyða öllum völdum númerum.

## 5.2.4 Bæta við fjarstýringu +

Það eru tvær (2) leiðir til að bæta við nýrri fjarstýringu.

### 5.2.4.1 Bættu við fyrirframforritaðri fjarstýringu

Til að bæta við nýrri fyrirframforritaðri fjarstýringu, skaltu fylgja þessu ferli:

### Bæta við fyrirframforritaðri fjarstýringu skrefalisti

1. Veldu + úr valmyndinni.
2. Veldu fyrirframforrituð hnappinn




3. Veldu gerð fyrirframforritaðrar fjarstýringar
   - SJÓNVARP
   - DVD/BLURAY
   - HLJÓÐ




4. Veldu tegundina úr listanum

Ef þú finnur ekki vörumerkið skaltu velja **annað**, fyrir frekari upplýsingar sjá *5.2.4.1.1 Aðrar fjarstýringar, síða 45*



5. Þegar vörumerki er valið, mun sprettigluggi sýna upplýsingar um hversu margar fyrirframforritaðar fjarstýringar eru tiltækar.




Veldu **OK** hnappinn.

6. Veldu fjarstýringu.




7. Veldu mismunandi merki á valinni fjarstýringu til að bera kennsl á hentuga fjarstýringu.
8. Endurtaktu skref 6 og 7 þar til sú fjarstýring sem hentar best er fundin.

i Notaðu < og > hnappana til að skruna í gegnum tiltækar fjarstýringar.

9. Veldu hentugustu fjarstýringuna.
10. Veldu **nota** hnappinn.



11. Valin fjarstýring verður afrituð yfir á tiltæka fjarstýringu.




Veldu **fara í fjarstýringu** hnappinn til að ljúka.

### 5.2.4.1.1 Aðrar fjarstýringar

Til að bæta við öðrum fjarstýringum, skaltu fylgja þessu ferli:

**Bæta við öðrum fjarstýringum skrefalisti**

1. Fylgdu skrefum 1 — 3 í skrefalistanum: *Bæta við fyrirframforritaðri fjarstýringu skrefalisti, síða 43*.
2. Veldu **Annað** hnappinn.
3. Settu heiti vörumerkisins inn í textareitinn.




Til að þrengja leitarniðurstöðurnar, skaltu slá inn fleiri stafi.



4. Veldu vörumerkið.




5. Þegar vörumerki er valið, mun sprettigluggi sýna upplýsingar um hversu margar fyrirframforritaðar fjarstýringar eru tiltækar.




Veldu **OK** hnappinn.

6. Veldu fjarstýringu.




7. Prufaðu mismunandi merki á valinni fjarstýringu til að bera kennsl á hentuga fjarstýringu.
8. Endurtaktu skref 6 og 7 þar til hentugasta fjarstýringin er fundin.

Notaðu < og > hnappana til að skruna í gegnum tiltækar fjarstýringar.

9. Veldu hentugustu fjarstýringuna.

10. Veldu **nota** hnappinn.




11. Valin fjarstýring verður afrituð yfir á tiltæka fjarstýringu.




Veldu **fara í fjarstýringu** hnappinn til að ljúka.

### 5.2.4.2 Bæta við óforritaðri fjarstýringu

Til að bæta við nýrri óforritaðri fjarstýringu, skaltu fylgja þessu ferli:

**Bæta við óforritaðri fjarstýringu skrefalisti**

1. Veldu + úr valmyndinni.
2. Veldu óforrituð hnappinn




3. Veldu gerð óforritaðrar fjarstýringar
   - SJÓNVARP
   - HLJÓÐ

- MYNDLYKILL
- DVD eða BLURAY
- TÓMT SNIÐMÁT




4. Veldu hnapp til að forrita.




Tiltæk tákn verða mismunandi eftir því hverskonar gerð af fjarstýringu var falin í skrefi 3.

5. Veldu hnapp til að forrita.
6. Beindu fjarstýringunni að Tobii Dynavox IR móttakara og ýttu á óskaðan hnapp á fjarstýringunni sem þú vilt að Virtual Remote læri.



7. Þegar merkið er vistað í Virtual Remote birtist **lokið** sprettigluginn.




Sprettiglugginn lokast sjálfkrafa eftir nokkrar sekúndur.

8. Endurtaktu skref 5 — 7 þar til þú hefur forritað alla hnappa sem þú þarft á fjarstýringunni.

Til að breyta eða eyða hnöppum á fjarstýringunni þarft þú að ljúka forrituninni og fara í breytingarstillingu. Fyrir frekari upplýsingar um breytingarstillingu, sjá *5.2.5 Breytingarstilling , síða 49*.

9. Veldu **lokið** til að ljúka.




### 5.2.5 Breytingarstilling

Með breytingarstillingu getur þú breytt fyrirliggjandi fjarstýringum. Passaðu að fjarstýringin sem þú vilt breyta sé virka fjarstýringin. Til að fara í breytingarstillingu skaltu fylgja þessu ferli:

**Breytingarstilling skrefalisti**

1. Veldu (breytingarstilling) hnappinn.




2. Veldu hvaða hluta fjarstýringarinnar þú vilt gera breytingar á. Eftirfarandi breytingar er hægt að gera:
   - Breyta nafni fjarstýringar, sjá *5.2.5.1 Breyta nafni fjarstýringar, síða 50*
   - Eyða fjarstýringu, sjá *5.2.5.2 Eyða fjarstýringu, síða 51*
   - Gera breytingar á fyrirliggjandi virkum hnappi, sjá *5.2.5.3 Gera breytingar á fyrirliggjandi virkum hnappi*
   - Gera breytingar á fyrirliggjandi óforrituðum hnappi, sjá *5.2.5.4 Gera breytingar á fyrirliggjandi óforrituðum hnappi, síða 55*
   - Bæta við nýjum hnappi á tómt svæði, sjá *5.2.5.5 Bæta við nýjum hnappi á tómt svæði, síða 57*

### 5.2.5.1 Breyta nafni fjarstýringar

Til að breyta nafni fjarstýringar, skaltu fylgja þessu ferli:

**Breyta nafni fjarstýringar**

1. Veldu (breytingarstilling) hnappinn.




2. Veldu „Velja hér til að breyta“ kassann utan um nafn fjarstýringarinnar.

3. Veldu **endurmerkja** hnappinn.




4. Sláðu inn nýjan merkimiða.

   Passaðu að nafnið sé stutt.




5. Veldu **Enter/færslulykil** á lyklaborðinu til að samþykkja textann.

6. Veldu ✕ táknið til að fara úr breytingarstillingu.

### 5.2.5.2 Eyða fjarstýringu

Til að eyða fjarstýringu, skaltu fylgja þessu ferli:

#### Eyða fjarstýringu skrefalisti

1. Veldu  (breytingarstilling) hnappinn.




2. Veldu „Velja hér til að breyta“ kassann utan um nafn fjarstýringarinnar.
3. Veldu **eyða** hnappinn.




4. Veldu:
   - **Já** til að eyða
   - **Nei** til að hætta við




5. Veldu  táknið til að fara úr breytingarstillingu.

### 5.2.5.3 Gera breytingar á fyrirliggjandi virkum hnappi

Til að gera breytingar á fyrirliggjandi virkum hnappi, skaltu fylgja þessu ferli:

### Gera breytingar á fyrirliggjandi virkum hnappi skrefalisti

1. Veldu  (breytingarstilling) hnappinn.




2. Veldu hnapp, með svörtum bakgrunni og tákni eða texta, t.d. , í „veldu hnapp til að breyta“ kassanum í kringum fjarstýringarhnappana.
3. Veldu eina eftirfarandi aðgerða
   - Lengd merkis, sjá *5.2.5.3.1 Lengd merkis*
   - Nýtt merki, sjá *5.2.5.3.2 Nýtt merki, síða 54*
   - Breyta texta, sjá *5.2.5.3.3 Breyta texta, síða 54*
   - Breyta tákni, sjá *5.2.5.3.4 Breyta tákni, síða 55*
   - Hreinsa hnapp, eyðir öllum upplýsingum sem geymdar eru á hnappinum.




4. Veldu  táknið til að fara úr breytingarstillingu.

#### 5.2.5.3.1 Lengd merkis

Til þess að móttökueiningin skilji merkið sem sent er frá Virtual Remote, gætir þú þurft að breyta lengd merkis. Eins þarf að stilla lengd merkis ef þú vilt að hnappurinn sendi samfellt merki á meðan þú ert með hnappinn valinn.

Veldu einn (1) eftirfarandi valkosta:

- Venjulegt — sendir IR merkið í stuttri lotu.
- Langt — sendir IR merkið í eina (1) sekúndu.
- Sérstaklega langt — sendir IR merkið í tvær (2) sekúndur.
- Samfellt — sendir merkið jafn lengi og hnappurinn er valinn.

Þetta er dæmigerð stilling fyrir hljóðstyrkshnapp til dæmis




### 5.2.5.3.2 Nýtt merki

Til að forrita nýtt merki fyrir hnapp, skaltu fylgja þessu ferli:

**Nýtt merki skrefalisti**

1. Beindu fjarstýringunni að Tobii Dynavox IR móttakara og ýttu á óskaðan hnapp á fjarstýringunni sem þú vilt að Virtual Remote læri.




2. Þegar merkið er vistað í Virtual Remote birtist **lokið** sprettiglugginn.




Sprettiglugginn lokast sjálfkrafa eftir nokkrar sekúndur.

### 5.2.5.3.3 Breyta texta

Til að breyta texta, skaltu fylgja þessu ferli:

**Breyta texta skrefalisti**

1. Sláðu inn textann sem ætti að vera á hnappinum.




2. Veldu Enter/færslulykil á lyklaborðinu til að samþykkja textann.

### 5.2.5.3.4 Breyta tákni

Til að breyta tákni, skaltu fylgja þessu ferli:

1. Veldu tiltækt tákn.




2. Veldu **vista** hnappinn til að samþykkja táknið.

## 5.2.5.4 Gera breytingar á fyrirliggjandi óforrituðum hnappi

Til að gera breytingar á fyrirliggjandi óforrituðum hnappi, skaltu fylgja þessu ferli:

### Gera breytingar á fyrirliggjandi óforrituðum hnappi skrefalisti

1. Veldu  (breytingarstilling) hnappinn.




2. Veldu hnapp, með gráum bakgrunni og tákni eða texta, t.d. , í „veldu hnapp til að breyta“ kassanum í kringum fjarstýringarhnappana.
3. Veldu eina eftirfarandi aðgerða
   - Forrita, sjá *5.2.5.4.1 Forrita, síða 56*
   - Breyta texta, sjá *5.2.5.3.3 Breyta texta, síða 54*
   - Breyta tákni, sjá *5.2.5.3.4 Breyta tákni, síða 55*
   - Hreinsa hnapp, eyðir öllum upplýsingum sem geymdar eru á hnappinum.




4. Veldu  táknið til að fara úr breytingarstillingu.

#### 5.2.5.4.1 Forrita

Til að forrita merki fyrir hnapp, skaltu fylgja þessu ferli:

**Forrita skrefalisti**

1. Beindu fjarstýringunni að Tobii Dynavox IR móttakara og ýttu á óskaðan hnapp á fjarstýringunni sem þú vilt að Virtual Remote læri.




2. Þegar merkið er vistað í Virtual Remote birtist **lokið** sprettiglugginn.




Sprettiglugginn lokast sjálfkrafa eftir nokkrar sekúndur.

## 5.2.5.5 Bæta við nýjum hnappi á tómt svæði

Til að bæta við nýjum hnappi á tómt svæði, skaltu fylgja þessu ferli:

**Bæta við nýjum hnappi á tómt svæði skrefalisti**

1. Veldu (breytingarstilling) hnappinn.



2. Veldu hnapp, með gráum bakgrunni og sem er tómur, t.d. , í „veldu hnapp til að breyta“ kassanum í kringum fjarstýringarhnappana.
3. Veldu eina eftirfarandi aðgerða
   - Breyta texta, sjá *5.2.5.3.3 Breyta texta, síða 54*
   - Breyta tákni, sjá *5.2.5.3.4 Breyta tákni, síða 55*

   
   

4. Veldu táknið til að fara úr breytingarstillingu.

## 5.2.6 Upplýsingar

Á upplýsingasíðunni getur þú fundið upplýsingar um allar útgáfur vélbúnaðarins og mismunandi hugbúnaði.




**Hjálpaðu okkur að bæta**: Til að hjálpa Tobii Dynavox að bæta hugbúnaðinn stillirðu á **kveikt**. Veldu frekari upplýsingar

hnappinn til að opna síðu með upplýsingum um hvað þetta snýst allt um. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *Skýringarmynd 5.8 Gagnasöfnun, síða 59*.




Skýringarmynd 5.8 Gagnasöfnun

**Kennsluefni**: Þú getur líka kveikt á Virtual Remotekennsluefninu með því að velja **ræsa** hnappinn.

Tobii Dynavox gluggastjórntæki Notandahandbók v.1.2 - is-IS

Höfundarréttur ©Tobii AB (publ). Skýringarmundir og tæknilýsingar eiga ekki endilega við vörur og þjónustu sem eru til boðs á hverjum staðbundnum markaði. Tæknilýsingar geta breyst án fyrirvara. Öll önnur vörumerki eru í eigu hlutaðeigandi eiganda.

**Stuðningur fyrir Tobii Dynavox tækið þitt**

Fáðu hjálp á netinu

Sjáðu vörusértækar stuðningssíður fyrir Tobii Dynavox tæki þitt. Hún inniheldur dagréttar upplýsingar um vandamál og ábendingar og ráð sem tengjast vörunni.Finndu stuðningssíður okkar á netinu á: *www.TobiiDynavox.com/support-training*

Hafðu samband við sölufulltrúa þinn eða endursöluaðila

Sértu með spurningar eða vandamál varðandi vöruna, skaltu hafa samband við sölufulltrúa Tobii Dynavox eða heimilaðan endursöluaðila. Þeir hafa mesta þekkingu á persónulegri uppsetningu þinni og eiga þess vegna best með að hjálpa þér með ábendingum og þjálfun í notkun vörunnar. Tengiliðaupplýsingar færðu hjá: *www.TobiiDynavox.com/contact*